

**Fundargerð 68. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.**

Fundur var haldinn í fundarherbergi Ferðamálastofu þriðjudaginn 23. desember 2014 kl 10.00 að Geirsgötu 9, 101 Reykjavík.

Viðstaddir: Albina Thordarson arkitekt FAÍ formaður, Anna G. Sverrisdóttir, Guðjón Bragason og Sævar Skaptason.

Frá FMS: Björn Jóhannsson og Hrafnhildur Ýr Víglundsdóttir

**Dagskrá fundar**

- 1) Fulltrúar Minjastofnunar Kristín Huld Sigurðardóttir og Esther Anna Jóhannsdóttir komu frá Minjastofnun kl. 8:30 og gerðu grein fyrir stöðu verkefnisins "Stöng í Þjórsárdal".

Farið yfir þá styrki sem veittir hafa verið úr sjóðnum og framkvæmdir þeim tengdar. Búið er að nýta alla styrki nema þann sem veittur var í ár (2014). Sá styrkur var veittur til gerðar göngustíga, en ekki náðist að ljúka verkinu vegna seinkunnar á gerð útboðsgagna. Við frekari vinnu kom í ljós að vegurinn sem nýta þarf til efnisflutninga þolir ekki þessa auknu umferð þungavinnuvéla. Ekki náðist að laga veginn í tíma og því var farið í að skoða hvort hægt væri að taka efni í undirlag stíganna á svæðinu. Búið er að taka sýni í því sambandi sem lofa góðu. Búið er að fá verkfræðing og verktaka að verkinu en frekari framkvæmdir bíða þar til snjóla leysir. Lögð er áhersla á að stígarnir séu hjólastólafærir og leitað hefur verið ráðgjafar frá verkefninu Aðgengi fyrir alla í því sambandi. Bráðabirgðasalerni er á staðnum sem sveitarfélagið hefur umsjón með. Á næsta ári er áætlað að fara í brúarframkvæmd yfir ána samhliða stígagerðinni. Sú framkvæmd er upp á 24 milljónir en við hönnun hennar er litið sérstaklega til aðgengis fyrir fatlaða og útskýrir það þessa tiltölulega háu upphæð (er útboðsskyld). Stjórn sjóðsins ítrekar að sjóðurinn gæti komið að aðgengismálum og gerð þjónustuhúss en ekki aðra kostnaðarliði verkefnisins. Umhverfisstjóri fer yfir stöðu á útgreiðslu styrkja, en nokkuð er útistandandi og spyr hvort raunhæft sé að framkvæma fyrir hærri upphæð en sem því nemur á næsta ári. Fulltrúar Minjastofnunar telja það raunhæft þar sem hönnunarvinnu sé lokið. Líklegt sé þó ekki yrði hægt að hefja framkvæmdir fyrr en í júní vegna bleytu. Eftir á að fjármagna mótframlag, en fulltrúar Minjastofnunar eru bjartsýnir á að það náist. Formaður segir minni fjármagn í sjóðnum og fjárveitingar úr honum muni markast á því. Fulltrúar Minjastofnunar víkja af fundi kl. 09:10.

- 2) Staða Framkvæmdasjóðs og samantekt á því hvað verður til úthlutunar 2015. +

Úthlutanir frá 2012. Eftir á að ljúka 3 verkefnum frá úthlutun FF1

- Dyrhólaey - Verkefni hefur þróast þó nokkuð í átt frá upphaflegu áætluninni. Birni falið að ljúka uppgjöri við verkefnið samkvæmt lokaskýrslu
- Flögufoss – Birni falið að kalla eftir frekari upplýsingum varðandi stöðu framkvæmda.
- Saxa – Lokaskýrsla komin í hús en eftir á að fara yfir gögnin.

Um 3 milljónir verða eftir frá fjárveitingu 2012 sem nýta má 2015. Gott væri að bæta við dálki yfir þær upphæðir sem eru ónotaðar. Hrafnhildur bætir við lista yfir þá styrki og stöðu þeirra.

Samkvæmt fjárlögum hefur sjóðurinn 145,8 milljónir til úthlutunar auk 29,9 milljóna á fjárákalogum vegna hækkaðs gistináttgjalds. Alls 175,7 milljónir.

- 3) Úthlutun FF8

Farið var yfir síðustu drög að einkunnagjöf fyrir FF8.

4) Erindi sem borist hafa stjórninni.

Erindi Djúpavogshrepps varðandi Teigarhorn lagt fram. Stjórnin vísar erindinu til ráðherra og mælir með að skoðað verði hvort hægt sé að koma til móts við erindið af ónýttum eftirstöðvum.

Erindi frá Húnaþingi vestra varðandi Hvítserk lagt fram. Stjórnin vísar erindinu til ráðherra og mælir með að skoðað verði hvort hægt sé að koma til móts við erindið af ónýttum eftirstöðvum.

Fundur boðaður 7. janúar kl. 09:00

Fundi slitið kl. 10:25.

*Souwe*  
*Anna G. Sveinisdóttir*  
*Albin Þorvaldsson*  
*Guðjón Þorgeirsson*